

Nd.

**169. Frumvarp til laga**

[96. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Magnús Jónsson, Gísli Guðmundsson, Jónas Rafnar, Jón Pálmason, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Bjarnason, Gylfi P. Gíslason, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við lögin komi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórninni er heimilt að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Utanbæjarnemendur lærdómsdeildar sitji fyrir heimavist í skólanum á Akureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á síðasta Alþingi var borið fram frumvarp þess efnis, að tvö næstu ár skyldi starfa miðskóladeild við Menntaskólann á Akureyri, ef húsrúm leyfði. Neðri deild gerði þá breytingu á frumvarpi þessu, að ríkisstjórn skyldi heimilt að láta starfa tveggja ára óskipta miðskóladeild við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík. Þannig breytt fór frumvarpið til efri deildar, en fékk þar ekki endanlega afgreiðslu, svo sem kunnugt er.

Nú er málið fram borið að nýju, en með þeim breytingum, er Alþingi hafði gert á því áður en meðferð þess stöðvaðist á síðasta þingi. Tímatakmarkið (1953) er þó fellt niður, enda hefur málið nú tafizt um eitt ár. Einsætt virðist, að húsrúm sé ekki látið ónotað, og það því fremur sem menntaskólarnir báðir, bæði á Akureyri og í Reykjavík, telja skóla og nemendum hag í því, að nemendur — eða einhverjir þeirra að minnsta kosti — komi sem yngstir í menntaskólana. Mun það tíðkast víða um heim og þykja heppilegt, að sá háttur sé á hafður, ef því verður við komið. Sem stendur mundi þetta einkum koma til greina í Menntaskólanum á Akureyri, þar sem verið er að reisa heimavistarhús, sem er vel við vöxt, eins og sjálfsagt var. Mun fjögurra ára menntaskóli ekki þurfa um sinn allt það rúm (fyrir 160—170), sem þar verður. Virðist eðlilegast, á meðan svo er, að húsrúmið sé notað fyrir miðskóladeild og þá einkum fyrir þá nemendur, er síðar hygðust stunda þar stúdentsnám.

**Fylgiskjal.**

**Frá Menntaskólanum á Akureyri.**

Menntaskólinn á Akureyri hefur oftast en einu sinni gert grein fyrir afstöðu sinni til miðskóladeildar í skólanum, og virðist ekki ástæða til að endurtaka það enn, sem þegar hefur verið margsagt. Þó eru nokkur atriði, sem enn skal vikið að.

Í nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar efri deildar í fyrra stendur, að „Menntaskóli Akureyrar getur ekki nú sem stendur tekið við nærri því öllum þeim nemendum, sem óska eftir vist í heimavist skólans.“ Það er að visu satt, að í fyrra varð að neita allmörgum nemendum um rúm í heimavist. En hér er aðeins sagður hálfur sannleikur, því að þess er látið ógetið, að í nýju heimavistinni bjuggu þá aðeins rúm 30 nemendur af 160—170, sem þar eiga að rúmast í framtíðinni. Síðan hefur bætt við heimavistarrúm. Og í þetta sinn skal það tekið skýrt fram, að allir þeir, sem sótt hafa um heimavist og réttindi hafa til náms í menntaskóla, hafa fengið rúm í heimavist skólans veturinn 1951—1952 og að auki 12 nemendur úr

miðskóladeild (2. bekk). Mun þó heimavistarrúmum enn fjölga um 30—40, þegar allflutt verður í heimavistina nýju. Það er því einsætt, að á næstu árum gerir heimavistin mun betur en anna þörfum menntadeildar.

Þá skal það enn fremur tekið fram, að Menntaskólinn á Akureyri hefur aldrei sýnað neinum með landsprófsréttindi um skólavist og mun ekki þurfa þess fyrst um sinn, þó að það sé gefið í skyn í fyrrnefndu nefndarálitinu. Skal sú fullyrðing studd tölulegum staðreyndum. Í skólanum hafa undanfarin ár verið 320—330 nemendur í 14 deildum. Reynslan af hinu nýja fyrirkomulagi er sú, að í hverjum landsprófs-árgangi verði 40—50 manns, sem hingað sækir, eða alls um 160—200 manns í fjögurra ára skóla, og yrðu það 8 bekkjardeildir í stað 14, sem verið hafa. Sér því hver heilvita maður, að það eru staðlausir stafir, að hér verði „fyrir en varir“, eins og stendur í nefndarálitinu, farið að neita landsprófsnemendum um skólavist, þó að hér yrði miðskóladeild.

Í þessu sambandi er og vert að benda á, að það hlýtur að valda gífurlegu raski og erfiðleikum innbyrðis í skólanum, ef hann á skyndilega að minnka um meira en þriðjung, jafnvel allt að því um helming. Skólinn er gömul stofnun, sem hefur unnið að því að koma sér upp kennaraliði og miðað það við þá stærð, sem verið hefur á skólanum. Hafði Sigurður skólameistari unnið að því af sinni alkunnu forsjá og ötulleik. Þarf ekki skólafróða menn til að skilja, hvílik vandkvæði hljóta af því að stafa fyrir skólann, ef hér verður öllu kollvarpað. Er og vant að sjá, hvað við það vinnst menningarlega, að ein elzta menntastofnun þjóðarinnar sé tætt í sundur. Má vel svo fara, að skólinn missi sumt af sínu bezta starfsliði í slíku umróti. En á stað eins og Akureyri, er varla um að ræða menn, sem hægt er að grípa til við kennslu í viðlögum. Skólinn verður því að vera sjálfum sér nógur, en til þess að svo geti orðið, verður skólinn einnig að geta verið kennurum sínum nógur, þ. e. veitt þeim nægilegt verkefni, og til þess má hann ekki vera of lítill. Þetta var eitt af því, sem Sigurður skólameistari lagði mikla áherzlu á og skildi manna bezt af langri reynslu.

Þá er mikið um það talað, að óhæfa sé að kenna til miðskólaprófs á tveimur árum. Í álitinu, er skólinn sendi frá sér í fyrra, var það tekið fram, að hvorki væri „æskilegt né heldur mögulegt“, að allir lykju miðskólanámi á tveimur vetrum, en duglegum nemendum hefði hins vegar ekki orðið það ofraun. Skólanum er vel ljóst, að leiðin er hér vandrötuð. En felast ekki líka hættur í hinu, að láta gáfuð börn hafa of lítið að gera? Getur það ekki alið í þeim slæpingshátt, ef þau venjast því að fljóta bekk úr bekk án þess að þurfa nokkurn tíma að taka verulega á? Hvort tveggja ber að forðast, að nemendur hafi of mikið og of lítið að gera, og er vandi að þjóna báðum sjónarmiðum í senn. Því er það fremur kostur en galli, að skólarnir séu ekki allir eins.